

# Magikus



2-4



6+



10 - 20



## BYGGÐU



### Hráefni Markmið leiksins

Vertu á undan hinum að safna fjórum mismunandi hráefnunum til að búa til vélmenni með öllum bútum í sama lit til að vinna bikarinn.

### Að setja upp spilið

Byggðu leikinn með LEGO® leiðbeiningunum sem fylgdu með spiliinu áður en þú byrjar að spila. Það að setja saman leikinn kennir þér meira um kubbana og hvernig hægt er að nota þá. Þetta hjálpar þér þegar þú setur spilið aftur saman eða breytir reglum leiksins seinna.

Settu saman LEGO® teninginn með lituðu flísunum sem sýndar eru hér fyrir neðan:



Með spiliinu fylgir töl sem þú getur notað til að taka flísarnar af LEGO® teningnum.

Í hvert skipti sem þú byrjar að spila skaltu setja Legoðið saman eins og það er hér að ofan eða á síðustu blaðsíðunni í leiðbeiningunum. Hver leikmaður á að taka uppskrift með fjórum mismunandi litum.



# SPILAÐU

## Að spila leikinn

Yngsti leikmaðurinn byrjar. Síðan skiptist þið á gera réttisælis.

Í hverri umferð eiga leikmenn að gera tvennt:

### 1) Færa ugluna

Byrjaðu umferðina þína með því að láta ugluna á einn af átta brúnu reitunum sem eru meðfram og fyrir ofan hillurnar. Uglan sýnir nú úr hvaða röð þú getur tekið hráefni úr eftir að hafa kastað LEGO® teningnum.



### 2) Kasta LEGO® teningnum og gera eftirfarandi:



#### Taktu hráefni

Taktu eitt hráefni sem passar við litinn sem kom upp á LEGO teningnum úr röðinni sem að uglan situr við. Láttu efnið á eða hjá uppskriftinni þinni. Ef það er ekkert efni í þessari röð sem passar við litinn sem þú fékkst á teningnum þá er umferðin þín búin. Ef þú átt nú þegar efni í sama lit skaltu samt taka það ef að einhver skyldi stela því af þér.



#### Val

Taktu efni í lit af þínu vali úr röðinni sem þú settir ugluna við. Láttu efnið á eða hjá uppskriftinni þinni.



#### Að stela

Steldu einu hráefni frá leikmanni af þínu vali. Þú ræður hvaða hráefni þú stelur. Láttu efnið á eða hjá uppskriftinni þinni. Ef að enginn leikmaður er með hráefni sem þú getur stolið máttu kasta aftur.

## Að vinna spilið

Sá leikmaður sem er fyrstur að safna öllum fjórum hráefnunum í uppskriftinni sinni, býr til töfraseyðið og vinnur.



**LEGO hallinn**  
Besta leiðin til að taka upp LEGO kubbana er að halla þeim áður en þú tekur þá upp.

# BREYTTU



## ÞINN LEIKUR – ÞÍNAR REGLUR

LEGO® teningurinn færir þér frelsi til að breyta leiknum og gera hann að þínum. Þú getur breytt spilavæðinu, hlutunum og jafnvel reglunum. Hver breyting gerir spilið meir og meir að ÞÍNUM leik.

Lykillinn að því að breyta leik er að breyta bara einum hlut í einu. Þannig getur þú séð hvaða breytingar gera leikinn skemmtilegri. Ef þér líst vel á það, haltu því þannig og prófaðu að breyta fleiru.

Að breyta leiknum er alltaf skemmtilegra þegar það er gert saman. Þannig vita allir reglurnar og vita hverju er verið að breyta. Vertu líka viss um að allirf viti af nýjum reglum **ÁÐUR** en þið byrjið að spila.

Nú þegar þú kannst að spila leikinn með okkar reglum skaltu prófa að breyta þessum reglum í spilinu og eftir það getur þú gert þínar eigin reglur.



### 1) Fimmta hráefnið

Notaðu leðurblökuna til að trufla hina leikmennina **EDA** til að búa til töfraseyðið.

Leikmenn hafa nú tvo möguleika þegar þeir fá svartan á teninginn.

- Steldu einu hráefni frá leikmanni af þínu vali **OG** láttu leðurblökuna á einn af brúnu reitunum. Leikmenn geta ekki látið ugluna setjast þar sem leðurblakan er **EDA**
- Taktu leðurblökuna, hún er fimmta hráefnið sem þú þarft til að klára töfraseyðið. Geymdu hana hjá uppskriftinni þinni.

Til að vinna leikinn þarftu að safna öllum fjórum hráefnunum í uppskriftinni **OG** þú þarft líka að vera með leðurblökuna.



### 2) Leynileg töfraseyði

Búðu til þína eigin uppskrift fyrir töfraseyðið.

- Taktu alla uppskriftarkubbana af brúnu plötunum. Bættu þeim átta auka kubbum sem fylgdu með spilinu og láttu þá í hrúgu á borðið.
- Yngsti byrjar að taka þrjá uppskriftarkubba og síðan skiptist þið á að taka þrjá kubba koll af kolli þar til að hver leikmaður hefur sex kubba. Í laumi velur hver og einn fjóra af kubbunum sem þeir eru komnir með til að gera að sinni uppskrift. Látið hina tvo kubbana undir hráefnahilluna þar sem þeir sjást ekki.
- Hafðu uppskriftina þína falda þar sem enginn sér hana og láttu hráefnin, sem þú sækir úr hillunum, fyrir framan þig í staðin fyrir að setja það á uppskriftina þína.
- Fyrsti leikmaðurinn sem nær að safna öllum hráefnunum í sinni uppskrift kallar "Magikus" og sýnir uppskriftina sína til að sanna að hann sé búinn að vinna.

### Búðu til og deildu þínum reglum

Reyndu að búa til nýjar reglur. Ef þær virka, þá skaltu hala þínum reglum inn á [games.LEGO.co.uk](http://games.LEGO.co.uk) og sýna heiminum hvað þú gerðir. Þú getur líka skoðað hvað aðrir hafa búið til og prófað leikinn með þeirra reglum.

### Farðu á vefinn!

[games.LEGO.co.uk](http://games.LEGO.co.uk) er uppfyllt af sniðugum hlutum. Það eru stutt myndskreið sem sýna þér hvernig á að spila leikinn og öll hin LEGO spilin. Þú getur líka fundi fleiri leiðir til að Byggja, Spila og Breyta spilunum.

Þýðandi: Sigursteinn J. Gunnarsson.